

1864.

9. des.

borga leiguliðunum aptur mismun þess, er þeir hafa goldið það reikningsár, sem hér er um rætt, og hinnar minni upphæðarinnar, er gjöldin hefðu numið, ef þau hefðu verið reiknuð til peninga eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni, og

3. ef það eigi að vera reglan, sem hér er ráð fyrir gjört, hvort ekki bera að setja í byggingarbréfin framvegis beina ákvörðun um, að landskuld sú, sem áskilin er í friðu, skuli reiknuð til peninga eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni, þegar hún ekki sé goldin í skileyri.

Eptir að skrifazt hefir verið á um málefni þetta við reikningastjórnardeild konungsríkisins, skal yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Clausen sýslumanni, að þareð gjöld þau, sem hér er um rætt, eptir því, sem skýrslur eru fram komnar um, hafa með samþykki hins fyrrveranda konunglega rentukammers um langan tíma verið reiknuð og goldin eptir hinni almennu meðalalin í verðlagsskránni, þá þykir stjórnarráðinu ekki hlýða að banna, að þau einnig framvegis séu reiknuð og goldin á sama hátt, jafnvel þó álíta verði þenna reikningsmáta fremur rangan í sjálfu sér, eins og þér, herra stiptamtmaður, einnig hafið sýnt fram á, og að það leiðir af þessu, að kveða ber já við 2. og 3. spurningunni.

92. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsýfirvaldanna á Íslandi, um borgun til prófdómenda við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík.

13. des.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent stjórnarráðinu bréf nokkurt frá Jóni landsýfirrettardómara Péturssyni og Ólafi prófasti Pálssyni; hafa embættismenn þessir udanfarin ár gegnt þeim starfa að vera prófdómendur við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík og biðja þeir nú um, að sú 10 ríkisdala þóknun, sem þér í 4 síðustu árin hafið veitt hvorum þeirra fyrir greindan starfa, verði hækkuð til 15

1864.
13. des.

ríkisdala fyrir hvorn um sig, en þær hafð í bréfi 17. d. september. þ. á. lagt málefni þetta undir úrskurð stjórnarráðsins.

Útaf þessu skal yður hér með kunngjört, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið ekki getur dulizt þess, að því þykir það furðu gegna, að embættismönnum þessum hefir þótt sæma að heimta borgun fyrir starfa þenna, sem álíta ber að mönnum sé á hendur falinn í góðu trausti og í virðingar skyni, enda er engin borgun greidd fyrir þessi störf við neinn skóla í konungsríkinu; en að stjórnarráðið á hinn bóginn ekki efast um, að til seú aðrir hæfir menn í Reykjavík, er muni fúsir á að takast greindan starfa á hendur af velvild við skólann, án nokkurs kostnaðar fyrir hann; að minnsta kosti má ætla, að þetta eigi sér stað um kennarana við prestaskólann.